



Atvinnuveganefnd Alþingis

101 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri, 26. febrúar 2018

00.1/1802014

## **Efni: umsögn um mál nr. 52 – þingsályktunartillaga vegna móttunar eigendastefnu**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að mótuð verði eigendastefna ríkisins fyrir bújarðir í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Stefnuleysi stjórnvalda vegna bújarða í eigu ríkisins veldur því að bújörðum sem losnað hafa úr ábúð í Skaftárhreppi undanfarin ár standa nú auðar og í niðurníslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda dags. 5. október 2017 til umsagnar á 415. fundi sínum þann 14. desember 2017. Drögin höfðu ekki verið send formlega til umsagnar til hagaðila eða sveitarstjórna heldur fékk sveitarfélagið senda ábendingu um að fyrrnefnd drög lægju fyrir.

Meðfylgjandi er afgreiðsla sveitarstjórnar vegna málsins sem sent var til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 15.12.2017 þar sem m.a. er gagnrýnt samráðsleysi ráðuneytisins. Vegna umsagnar við þingsályktunartillögu um móttun eigendastefnu ríkisins vegna bújarða mál nr. 52 er vísað í fyrrgreinda umsögn.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skaftárhrepps,

*Sandra Brá Jóhannsdóttir*

Sandra Brá Jóhannsdóttir  
sveitarstjóri

### **Fylgiskjal:**

Afrit af umsögn sveitarstjórnar Skaftárhrepps til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 15.12.2017



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu  
150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri, 15.12.2017  
13.0/1705007

## AFRIT

### **Efni: umsögn Skaftárhrepps um drög að meginþáttum eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir á 415. fundi sínum þann 14. desember sl. drög að meginþáttum að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar en drögin voru gefin út af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 5. október sl. Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi vegna málsins;

4. 1705007 Drög að meginþáttum eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið dags.05.10.2017.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að umnið sé að gerð eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda.*

*Hér í Skaftárhreppi eru margar bújarðir í eigu ríkisins, einkum í lágsveitum Alftaveri og Meðallandi. Samkvæmt gildandi stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum er allt land neðan 200 m.y.s. skilgreint sem landbúnaðarland og er gert ráð fyrir því að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum.*

*Það stefnuleysi ríkisins sem verið hefur allt frá því að fjármálaráðuneytið tók yfir umsýslu ríkisjarða er með öllu óþolandi. Stefnuleysi sem staðið hefur í vegi fyrir eðlilegri framþróun landbúnaðar í þeim sveitum þar sem jarðir í eigu ríkisins eru margar. Stefnuleysi sem m.a. birtist í því að góðar bújarðir sem losna úr ábúð eru ekki byggðar aftur og að ábúendur ríkisjarða fá ekki heimild landeigenda til eðlilegrar uppbyggingar sinna bújarða, til að mæta auknum kröfum samtímans. Stefnuleysi sem gerir það að verkum að landbúnaður á þessum jörðum, og þar með í sveitarfélaginu öllu, dregst aftur úr hvað mögulega framþróun snertir á landsvísi.*

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps gagnrýnir vinnubrögð ráðuneytisins við undirbúning og gerð þessarar stefnu, þar sem ekki hefur verið leitað samráðs við viðkomandi sveitarfélög, né hefur verið leitað umsagnar helstu*



*hagsmunaaðila t.a.m. Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka.*

*Sveitarstjóra falið að senda umsögnina til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Skaftárhrepps,

*Sandra Brá Jóhannsdóttir*

Sandra Brá Jóhannsdóttir  
sveitarstjóri